

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa  
Aðsetur: Neytendastofa  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík  
Sími: 510-1100 – póstfang: [knefnd@neytendastofa.is](mailto:knefnd@neytendastofa.is)

Z  
f.h. X

Reykjavík 26.05.2014  
**Mál nr. 62/2013**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur móttækið beiðni þína, dags. 10. mars sl., um að kærunefndin endurupptaki mál nefndarinnar nr. 62/2013, en í málinu var fyrirtækið X seljandi. Kærunefndin lauk málinu með álitni hinn 3. mars. 2014 þar sem fallist var á kröfur álitsbeiðanda í málinu að hluta.

Í bréfi þínu er farið fram á endurupptöku málsins á þeim grundvelli að fyrirtæki þitt hafi ekki fengið tækifæri til að koma að andsvörum í málinu áður en kærunefndin veitti álit í því hinn 4. mars 2014. Er vísað til þess að fyrirtæki þínu hafi ekki borist bréf kærunefndarinnar, dags. 29. júlí sl., þar sem fyrirtækinu var gefinn kostur á að koma að andsvörum í málinu og frestur til þess til 12. ágúst sl.

Í bréfi sem fylgdi endurupptökubeiðninni kemur fram að fyrirtæki þitt hafi aðeins átt bifreiðina í 3 daga og að nefndur álitsbeiðandi hafi kvartað undan viðskiptunum um ári eftir að kaupin fóru fram. Er bent á að í álitni nefndarinnar hafi legið fyrir bilanalýsing bifvélavirkja, en sú lýsing taki aðeins til ástands bifreiðarinnar þegar hún var skoðuð en ekki sé tekið tillit til þeirra 12 mánaða sem bifreiðin var í eigu nefnds álitsbeiðanda. Eins er bent á að fyrirtækið geti ekki ábyrgst ummæli bifreiðasala þess er hafði milligöngu um kaupin. Þá er bent á að kaupandi hafi ekki látið söluskoða bifreiðina fyrir kaupin, sem og að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið lágt.

Af þessu tilefni vill kærunefndin benda þér á að kærunefndinni, með vísan til 10. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa, er heimilt að endurupptaka mál með hliðsjón af ákvæðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Í umræddri grein stjórnarsýslulaga er það m.a. gert að skilyrði fyrir endurupptöku máls, að ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Í niðurstöðum kærunefndarinnar í því máli sem þú hefur óskað endurupptöku á, var á því byggt á því að sú bifreið sem deilt var um í málinu væri haldin galla í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laganna. Þ.e. að bifreiðin hafi verið í verra ástandi en kaupandi hennar hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Í niðurstöðum kærunefndarinnar í málinu nr. M-62/2013 segir m.a.:

„Sem fyrr segir verður ekki ráðið af gögnum máls að álitsbeiðandi hafi látið skoða bifreiðina af til þess bærnum aðila áður en kaupin fóru fram, t.a.m. með því að láta gera söluskoðun á bifreiðinni. Að mati kærunefndarinnar hefði slík skoðun, ásamt skoðun hans sjálfs á bifreiðinni, að líkindum leitt í ljós bággt ástand flestra þeirra atriða er álitsbeiðandi tiltekur í

álitsbeiðni sinni, svo sem leka eða smit á afturrífi, ástand gaspumpu á vélar- og afturhlíf, ástand bremsudiska- og klossa að framan, að framrúða bifreiðarinnar var laus og lek og að hljóð barst úr millikassa og/eða hjólalegum. Kærunefndin telur hins vegar að þrátt fyrir að athugun á smurbók bifreiðarinnar hefði líklega leitt í ljós að tíðni olíuskipta á vél, skiptingu, millikassa og drifum, hefði verið óregluleg, hefði hann ekki mátt gera sér grein fyrir í hversu slæmu ástandi vél, millikassi og drif bifreiðarinnar var þegar kaupin fóru fram. Líkt og greinir í álitsbeiðni munu slælegt viðhald og óregluleg olíuskipti hafa haft það í för með sér að ástand þessara hluta bifreiðarinnar var með þeim hætti að taka þurfti vélna upp og hreinsa hana með ærlegum kostnaði og fyrirhöfn. Eins þurfti að framkvæma viðgerðir í tengslum við millikassa og drif. Er það því mat kærunefndarinnar að ástand bifreiðarinnar hafi hvað þetta varðar verið í mun verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Kærunefndin vill þó taka fram að ekkert bendir til þess að seljandi hafi verið meðvitaður um hve slæmt ástand bifreiðarinnar var.“

Getur kærunefndin, m.v. það sem að framan er rakið, ekki fallist á að niðurstaða hennar í málinu hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum enda lágu þær upplýsingar sem kærunefndin byggði á, og þú hefur nú sent kærunefndinni, fyrir þegar álit kærunefndarinnar í málinu nr. M-62/2013 var veitt. Telur kærunefndin því ekki tilefni til að endurupptaka málið miðað við fyrirliggjandi upplýsingar og er það því mat kærunefndarinnar með vísan til 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa, að hafna beri endurupptöku málsins að svo stöddu.

Virðingarfyllt,

---

Pétur Örn Sverrisson hrl,  
formaður kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa